

Til þess tel eg mig vanfæran. En eg ætla mér einungis að benda á nokkur hin augljósustu vandræðin hans, eins og mér skiljast þau, og þá helst þau vandræðin, er mér finnst mest loða við Íslendingseðlið enn í dag. Því eg ætla sumsé að staðhæfa, til þess að minsta kosti að gefa fundinum eitthvert umræðuefni, að saga Hallfreðar sé saga íslenzku þjóðarinnar, vandræði hans hennar vandræði, og lundarfar hans og eðli Íslendings eðlið.

Vér erum allir, að minsta kosti þjóðræknun mennirnir, hreyknir af því að vera Íslendingar, hreyknir af því að vér séum af góðum ættstofni sprottnir, að vér séum að mörgu leyti kostabjóð, gáfubjóð, mentafús þjóð, frjálsslynd þjóð, skynsamleg í trúarefnum og ofstækislaus, gjarnir á, að krækja ekki alla hlykki á almannaleið, né binda bagga vora sömu hnútum og samferðamenn, eins og skáldin hafa svo fagurlega komist að orði. En vér verðum jafnframt að játa, að vér séum á ýmsan hátt vandræða þjóð. Vér höfum verið alt of einrænir, of ráðríkir hver í annars garð, of ófélagslyndir, of trúgjarnir á stundum, of gjarnir á daður og flýruhátt við höfðingja og útlandinga. Vér erum of lítil þjóð, of dreifðir og of fátækir, og á óhentugri hnattstöðu. En stærstu vandræðin eru þó konungadýrðin og „sundurlyndisfjandinn“, er oss lærist seint að senda „út á sextugt djúp“, eins og skáldið kvað.

Þetta hvorttveggja gekk líka að Hallfreði. Hann sótti frámunalega eftir hylli konunga og höfðingja, en var á sama tíma óvinsæll og ekki við alþýðuskap.

En lítum nú um stund yfir söguna. Hallfreður er bóndason úr Húnaþingi. Hann ólst upp með afa sínum, og byrjar hin eiginlega saga hans á þessari lýsingu:

„Hann var snemma mikill ok sterkr, karlmannlegr ok skolbrúnn nokkut ok heldr nefljótr, jarpr á hár ok fór vel; skáld var hann gott ok heldr níðskárr ok margbreytinn; ekki var hann vinsæll.“

Sagan hefði vel mátt bæta við, að hann hefði verið nokkuð kvennsamur eður til ásta hneigður, því fyrsta atriði sögu hans er kvennamál. Bóndadóttir ein nefnist Kolfinna. Hann ann henni hugástum, en fæst ekki sökum sérlundar sinnar til þess